


## Aðgerð

## Úttak

## Ábyrgð og framkvæmd



1. Umsækjandi fyllir út rafræna umsókn nr. 10.07 um dýralæknaleyfi í þjónustugátt MAST; <http://umsokn.mast.is>. Þegar umsækjandi velur aðgerðina “senda” fer umsókn á lista í þjónustugátt og hann fær sent staðfestingarnúmer umsóknar. Aðilar í móttöku MAST (á Selfossi og Dalshrauni) stofna mál í málakerfi fyrir hverja umsókn undir innskráðum viðskiptavini. Fulltrúi yfirdýralæknis (FY) getur einnig vakt að umsóknir og stofnað mál.

- Heiti máls tekur mið af eðli umsóknar/tilkynningar og málalykill er 4.20.X allt eftir tegund umsóknar/tilkynningar. Sjá LBE-199.

Erlendir dýralæknar sem hyggjast tímabundið stunda dýralækningar hér á landi fylla út tilkynningu þar um. Hana er að finna á heimasíðu MAST (<https://www.mast.is/en/about-mast/veterinary-license>). Sjá frekari úrvinnslu í LBE-199 (tl. 4).

- Öll gögn vegna samskipta við umsækjanda/tilkynnanda skal vista undir máli í málakerfi.

2. FY fer yfir umsókn/tilkynningu í samræmi við LBE-199 um móttöku og úrvinnslu umsókna og tilkynninga um dýralæknaleyfi og -störf. Hann óskar eftir frekar gögnum ef þörf krefur og þegar öll gögn hafa borist fer dýralæknateymið yfir prófgögn og staðfestir að þau séu fullnægjandi.

- Ef um tilkynningu vegna tímabundins starfs EES ríkisborgara er að ræða er móttaka tilkynningar staðfest.

- Ef um nemaleyfi er að ræða er heimild til starfa á grundvelli nemaleyfis staðfest.

3. Ef um umsókn um fullt dýralæknaleyfi er að ræða hefur dýralæknateymið samband við umsækjanda og skipuleggur fund með teyminu og bendir umsækjanda á að hafa samband við fagsviðsstjóra lyfjamála (FL) vegna þjálfunar á gagnagrunninum Búfjárheilsu. Sjá einnig LBE-199 (tl. 2). Viðtöl eru tekin og umsækjandi undirritar drengskaparheiti að því loknu. Undirritað drengskaparheiti afhendist skjalastjóra til varðveislu.

4. FY vinnur skv. LBE-199. Útbúið er leyfisbréf sem yfirdýralæknir undirritar og umsækjanda um fullt dýralæknaleyfi sent leyfisbréfið. FY úthlutar læknanúmeri og sendir til umsækjanda samhliða undirrituðu leyfisbréfi. FY upplýsir lyfsala um nýtt útgefið læknanúmer.

FY gengur frá skráningum á V-drifi og sér til þess að dýralæknalisti á heimasíðu MAST sé uppfærður a.m.k. ársfjórðungslega. FY lokar máli.